

Fundur stjórnar 12. mars 2012.

Mætt: Alexander Eðvaldsson, Svanhildur Skúladóttir og Bergþór Þormóðsson

Málefni:

1. Viðhald vega
Formaður ræddi að gera þyrfti lagfæringar á vegum í landi Hvamms. Lagði hann til að farið yrði um landið með verktaka og ákveðið hversu mikið þurfi til svo vegirnir verði þokkalegir. Um er að ræða að hefла vegina þannig að hólför verði sem minnst og að vegir losi sig við vatn. Lagt var til að formaður ásamt öðrum stjórnarmanni myndu fara yfir landið með verktaka.
Tillagan var samþykkt.
2. Lokafrágangur göngustíga
Formaður óskaði heimildar til að fela aðila að ljúka frágangi göngustíga í landinu. Um er að ræða kaup á einni eða tveimur brúm yfir læki, uppsetningu þeirra og frágangur á endum brúanna. Einnig að loka stígum með staurum þar sem það er ógert. Lagt var til að stígar sem eru upp að þjóðvegi verði einnig lokaðir þannig að fjórhjól komist ekki um stígana.
Auk þessa var lagt til að lokið verði við varanlega lausn á stíg milli Hvammsskóga 30 og 32 eins og eigendur hafa fallist á.
Tillagan var samþykkt.
3. Félagsfundur
Ekki var tekin nein ákvörðun um félagsfund eða að aðalfundur yrði haldinn fyrir 1. Júní eins og segir í lögum félagsins.
4. Viðbragðsáætlun
Kynnt var að fulltrúi sveitarstjórnar vilji kynna viðbragðsáætlun á félagsfundi eða aðalfundi. Málið bíður, sjá niðurstöðu 3ja liðar.

Rædd var tillaga slökkvistjóra að allir bústaðir kæmu sér upp nornakústum (sinuklöppum) sem festar yrðu með skafffestingu utandyra. Þannig mætti nálgast sinuklöppur við bústaði þó enginn væri í viðkomandi bústað ef sinueldar kæmu upp á svæðinu. Mælst er til að tvær klöppur verði við hver bústað.
5. Önnur mál
 - 5.1. Vatnsveita:
Ekki hafa borist nein svör eða viðbrögð frá landeiganda eftir fund stjórnar með honum þar sem „gjaldskrá vatnsveitu Hvammsskóga“ var harðlega mótmælt.
 - 5.2. Nágrannavarsla:
Samþykkt var að undirbúa nágrannavörslu í landinu. Útbúa þyrfti kort þar sem bústaðir yður merktir inn og nöfn og símanúmer eigenda tíunduð.
 - 5.3. Göngukort:
Rætt var að félagið útvegaði göngukort af svæðinu og jafnvel öllum dalnum.
 - 5.4. Skipulagsmál:
Formanni var falið að kanna hvað liði skipulagsmálum í landi Hvamms og kynna á næsta fundi stjórnar.

Annað var ekki rætt sem ástæða er til að tíunda í fundargerð.

F.h. ritara
Bergþór